

**24. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 19. febrúar 2020 klukkan 8:30.**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

**1. Fundargerðir til samþykktar:**

**1.1. 189. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-112.**

Mál nr. 11; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 -112 – 1912003F.  
Afgreiðslur byggingarfulltrúa 119-112, dags. 18.12 2019 lagðar fram til kynningar.

**1.2. 190. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-113.**

Mál nr. 1; Lækjartún Ásahreppur Tengivirki vegna jarðstrengs Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi Deiliskipulag – 1805013.

Lögð eru fram í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010, eftir að auglýsingartíma lauk, breytt gögn, greinargerð og uppdráttur, vegna tillögu að deiliskipulagi Lækjartúns II í Ásahreppi. Tillagan var auglýst frá 11.9.2019-23.10.2019. Tillagan tekur til um 1 ha landspildu í landi Lækjartúns II L215415 í Ásahreppi skammt austan Þjórsár. Í deiliskipulagstillögu er afmörkuð lóð, byggingarreitur og aðkomuvegur að fyrirhuguðu tengivirki. Breytingin eftir auglýsingu felst í að aðkomuvegi/vegtengingu inn að tangivirki og spennni hefur verið færð um 230 m austar, til að bæta vegsýn og auka umferðaröryggi, að tillögu Vegagerðarinnar. Einnig hefur verið gerð leiðrétting á heiti jarðarinnar Lækjartún 2, sem er Lækjartún II. Fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagstillöguna og fyrrgreinda breytingu þ.e. færslu á aðkomuvegi eftir að auglýsingartíma lauk, auk lagfæringar á heiti Lækjartúns II, og telur hreppsnefnd um óverulega breytingu að ræða á tillögunni. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 42.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Mál nr. 2; Miðmundarholt 1-6; Ásahreppur; Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis; Aðalskipulagsbreyting – 1804005.

Lögð er fram, að lokinni auglýsingu (samkvæmt 1. mgr. 31. gr.) í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Gerðar voru breytingar á gögnum áður en tillagan var auglýst, til samræmis við ábendingar Skipulagsstofnunar dags. 30.10.2019. Tillagan var auglýst frá 27. nóvember 2019 til 10. janúar 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma. Breyting á gildandi aðalskipulagi fellst í að landnotkun svæðisins breytist úr íbúðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði. Lýsing vegna verkefnisins var kynnt með auglýsingu 27. mars 2019. Þá var breytingartillagan kynnt almenningi með auglýsingu 30. apríl 2019. Samhliða ofangreindri breytingu var auglýst samsvarandi deiliskipulagsbreyting fyrir svæðið. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt tilheyrandi gögnum til lokaafgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 14; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-113 – 2001002F.  
Afgreiðslur byggingarfulltrúa 20-113, dags. 15. janúar 2020 lagðar fram til kynningar.

1.3. 191. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-114.

Mál nr. 1; Steinás L176490; Byggingarreitir skilgreindir; Deiliskipulag – 1905018.

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagstillaga fyrir jörðina Steinás í Ásahreppi. um er ræða 4,2 ha spildu með tveimur byggingareitum. Á reit R1 verður heimilt að byggja íbúðarhús, skemmu, gróðurhús og gestahús, samtals allt að 700 m<sup>2</sup>. Á reit R2 verður heimilt að byggja 4 gestahús allt að 45m<sup>2</sup> að stærð hvert um sig. Aðkoma að svæðinu er um Ásveg (nr. 275). Tillagan var auglýst 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 31. janúar 2020. Engar athugasemdir bárust. Gerð hefur verið óveruleg breyting á greinargerð tillögunnar eftir að auglýsingu lauk sem felur í sér að mænishæð gistihúsa sem tilgreind var á auglýstri tillögu 4,0 m verður 4,9 m.

Hreppsnefnd Ásahrepps telur að breyting á tillögu eftir að auglýsingatíma lauk sé óveruleg og muni ekki hafa áhrif á hagsmunaaðila í grennd við Steinás, og samþykkir samhljóða tillöguna. Hreppsnefnd Ásahrepps felur skipulagsfulltrúa UTU að senda tillöguna Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Ás 3 III-2 land L204647; Úr íbúðarsvæði í frístundasvæði og landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting – 1912016.

Ásta B. Ólafsdóttir víkur af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Hermann Ólafsson leggur fram f.h. Ástu Beggu Ólafsdóttur og Gísla Sveinssonar tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Í breytingu fellst að íbúðarsvæði er breytt í annarsvegar frístundahúsasvæði og hins vegar í landbúnaðarsvæði. Að auki er viðkomandi svæði hliðrað til innan landskikans. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður unnið deiliskipulag af svæðinu. Skipulagssvæðið nær til landspildu sem er um 18,6 ha að stærð. Aðkoma að landsspildunni er af vegi nr. 275, Ásvegi.

Bókun/rökstuðningur hreppsnefndar Ásahrepps:

Í skipulagslögum nr.123/2010 segir: „Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.“

Það er mat hreppsnefndar Ásahrepps að miðað við ofangreinda lýsingu í lögnum þá sé umrædd breyting á landi Áss 3, land III-2 óveruleg.

Um er að ræða breytingu sem breytir smáu íbúðarsvæði í dreifbýli í frístundahúsasvæði. Frístundahúsabyggð er landnotkun sem að mati hreppsnefndar er umhverfislega líkari því sem hún er í dag og líkari því sem er í næsta nágrenni við skipulagssvæðið. Jafnframt verður að teljast líklegt að með breytingunni aukist líkur á að stærri hluti af núverandi skógi á svæðinu verði varðveittur sem frístundahúsaland heldur en sem íbúðarsvæði.

Hreppsnefnd Ásahrepps telur áhrif af breytingunni á einstaka aðila eða stór svæði verða að teljast mjög takmörkuð. Inngrip í land og umhverfi, almenn umferð og almennt áreiti ætti með breytingunni að vera minna en ella og má þannig segja að áhrifin, ef einhver eru, verði jákvæð í skilningi skipulagslaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir greinargerð og uppdrátt dagsett 10.12.2019 sem óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, vegna Áss 3. III-2 land, L204647, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa UTU er falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og auglýsa niðurstöðu hreppsnefndar.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-114 – 2001004F.  
Afgreiðslur byggingarfulltrúa 20-114, dags. 29. janúar 2020 lagðar fram til kynningar.


- 1.4. 72. fundur stjórnar UTU.  
Dagskrárliður 2, skipurit. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti skipurit UTU, eins og það liggur fyrir.  
Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

- 1.5. 4. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu.  
Í dagskrárlið 6 er fjallað um skiptingu málefna í starfshópa. Um er að ræða 6 starfshópa og gert er ráð fyrir að hver sveitarstjórn tilnefni 2 fulltrúa í hvern starfshóp. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að eftirtaldir aðilar sitji í starfshópunum:

1. Stjórnsýsla og fjármál:  
Ásta B. Ólafsdóttir  
Elín Grétarsdóttir
2. Fræðslu- og félagsþjónusta:  
Brynja J. Jónasdóttir  
Elín Grétarsdóttir
3. Eignir, veitur og fjárfestingar:  
Guðmundur Gíslason  
Nanna Jónsdóttir
4. Umhverfis- og skipulagsmál:  
Guðmundur Gíslason  
Nanna Jónsdóttir
5. Frístundir og menning:  
Brynja J. Jónasdóttir  
Eydís H. Tómasdóttir
6. Atvinnu- og byggðamál:  
Ásta B. Ólafsdóttir  
Eydís H. Tómasdóttir

## 2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 23. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.2. 209. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- 2.3. 73. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.4. 63. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
- 2.5. 2. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.6. 3. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.7. 73. fundur stjórnar UTU.
- 2.8. 74. fundur stjórnar UTU.
- 2.9. 78. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.



- 2.10. 79. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.
- 2.11. Stjórnarfundur Bergrisans 21. janúar 2020.
- 2.12. 289. fundur stjórnar SOS.
- 2.13. 202. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.14. 552. fundur stjórnar SASS.
- 2.15. 553. fundur stjórnar SASS.
- 2.16. 878. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. **Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2020, 14. febrúar 2020.**

Rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps 2020, dags. 14. febrúar lagt fram til kynningar.

4. **Jafnréttisáætlun Ásahrepps, 2020-2023. (Önnur og lokaumræða)**

Jafnréttisáætlun Ásahrepps, 2020-2023 lög fram til annarar og loka umræðu hjá hreppsnefnd Ásahrepps. Milli umræða var drög að áætluninni send til Jafnréttisstofu til yfirferðar. Gerðar hafa verið smáverulegar breytingar að beiðni Jafnréttisstofu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir jafnréttisáætlunina samhljóða og felur sveitarstjóra að senda hana til Jafnréttisstofu og birta hana jafnframt á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. **Þingmál:**

5.1. Drög að frumvarpi um eignarráð og nýtingu fasteigna.

Lögð fram drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna. Frumvarpið er stjórnarfrumvarp frá forsætisráðherra og hefur verið kynnt á samráðsvettvangi stjórnvalda.

Á þessu stigi málsins mun hreppsnefnd Ásahrepps ekki veita umsögn þar sem tímarammi er þröngur, en áskilur sér allan rétt til að koma fram með umsögn á síðari stigum ef frumvarpið verður lagt fram á Alþingi.

5.2. Drög að frumvarpi um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Lögð fram drög að frumvarpi um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið er stjórnarfrumvarp frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og hefur verið kynnt á samráðsvettvangi stjórnvalda. Hreppsnefnd Ásahrepps er því andsnúin að sett verði lög um lágmarksfjölda íbúa 1000. Ef þetta frumvarp verður að lögum þá er um löghvingaða sameiningu að ræða sem brýtur sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga skv. Stjórnarskrá Íslands.

5.3. Erindi Þrastar Friðfinnssonar, Grýtubakkahreppi, um viðbrögð minni sveitarfélaga vegna fyrir hugaðara lagabreytinga, sbr. liður 5.2.


Lagt fram tölvuskeyti Þrastar Friðfinnssonar, dags. 31. janúar 2020, þar sem boðið er samflot smærri sveitarfélaga í viðbrögðum við drögum að frumvarpi um breytingu á sveitarstjórnarlögum sbr. dagskrárliður 5.2.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, BJJ og GG) að taka þátt í umræddu samstarfi um viðbrögð við umræddu frumvarpi sem kynnt hefur verið á samráðsvettvangi stjórnvalda. Tveir (2) voru á móti (EG, ES)

6. **Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.**

Lögð fram samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, sbr. fundargerð Sorpstöðvarinnar sem lögð var fram undir dagskrárlið 2.2.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagða samþykkt fyrir sitt leyti.



## 7. Hreinsunaráttak í Ásahreppi.

Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, kynnti stöðu mála varðandi hreinsunaráttak sem hreppsnefnd hafði samþykkt að standa að á árinu 2020.

## 8. Skipulagsmál:

### 8.1. Endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps.

Lögð fram lýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032. Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við fram lagða lýsingu en áskilur sér allan rétt til þess að koma fram með athugasemdir á síðari stigum þegar tillaga að aðalskipulagi verður kynnt.

### 8.2. Endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps, umræða.

Ásta, Egill og Valtýr gerðu grein fyrir vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps.

Umræða varð um stöðu mála er varðar Vonarskarð og umferð fólks og farartækja þar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að umferð ökutækja um Vonarskarð verði bönnuð yfir sumartímamann eins og gildandi Aðalskipulag Ásahrepps tilgreinir, en slík umferð verði leyfileg þegar jörð er frosin og snjór liggur yfir landi að vetrarlagi. Göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir verði ávallt opnar um svæðið. Einnig er samþykkt að skipulag gönguskála verði haldið inni skv. gildandi Aðalskipulagi Ásahrepps. Sveitarstjóra falið að senda þessa bókun á stjórn VJÞ og svæðisstjórn vestursvæðis VJÞ.

### 8.3. Landskipti Berustaða 1.

Egill Sigurðsson víkur af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Lagt fram landskiptablað fyrir Berustaði 1 (Lnr. 165269) – Berustaðir 1A. Úr landi Berustaða 1 er skipt út um 100 ha spildu sem afmarkast skv. meðfylgjandi uppdraetti, en land sem þá er eftir af landi Berustaða 1 sunnan Þjóðveggar 1 mælist um 51 ha.

Fyrir liggur samþykki aðliggjandi jarða að réttum landamerkjalyfingum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi landskipti Berustaða 1.

## 9. Innsend bréf og erindi:

### 9.1. Tölvuskeyti Guðmundar Péturs Guðgeirssonar, dags 24. janúar 2020; óvirk byggðasamlög.

Lagt fram tölvuskeyti Guðmundar P. Guðgeirssonar, KPMG, þar sem bent er á tvö óvirk byggðasamlög sem Ásahreppur er aðili að. Um er að ræða byggðasamlögin Green Globe 21 í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs og Atvinnu/ferðamálav. Rang/V-Skaft. bs.

KPMG býður fram aðstoð sína við að slíta umræddum byggðasamlögum.

Hreppsnefnd Ásahrepps sér enga ástæðu til að halda þessum byggðasamlögum í gangi lengur og samþykkir fyrir sitt leyti að þeim verði slitið. Ásahreppur samþykkir einnig fyrir sitt leyti að þiggja aðstoð KPMG til að koma því til leiðar. Ef einhverjir fjármunir verða eftir til skiptanna þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps að þeir fjármunir verði endurgreiddir til sveitarfélaganna í samræmi við eignarhlut þeirra í umræddum byggðasamlögum. Jafnframt óskar hreppsnefnd Ásahrepps eftir upplýsingum um hvaða fjárhæð það var sem millifærð var frá byggðasamlöginu Green Globe 21 í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs til Kötlu jarðvangs og hvaða heimildir voru til staðar fyrir þeirri millifærslu.

- 9.2. Tölvuskeyti Allra átta, dags. 13. janúar 2020; lagfæringar á heimsíðu Ásahrepps. Lagt fram tölvuskeyti frá Allra átta þar sem boðin er þjónusta við að bæta heimasíðu hreppsins á þann hátt að heimasíðan verði GDPR vottuð og setja upp SLL dulkóðun. Kostnaður við verkið mun verða kr. 104.000 og síðan mánaðarlegt leyfisgjald kr. 990 fyrir dulkóðunina. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að fá Allra átta til að vinna þetta verk og kostnaður bókast á Önnur þjónustukaup 2140 3391.
- 9.3. Tölvuskeyti SASS, dags. 10. janúar 2020; heimsókn sveitarstjórnarmanna af Suðurlandi til Danmerkur 9. – 12. mars n.k. Lagt fram tölvuskeyti SASS um heimsókn sveitarstjórnarmanna af Suðurlandi til Danmerkur. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að tveir fulltrúar fari frá Ásahreppi, þær Ásta B. Ólafsdóttir og Elín Grétarsdóttir. Kostnaður við flug og gistingu er kr. 286.000. Annar ferðakostnaður má áætla allt að kr. 260.000. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir Viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2020 kr. 546.000 og gengið verði á peningalega stöðu vegna þessara útgjalda. Sveitarstjóra er falið að útfæra Viðauka 1 við fjárhagsáætlun í samstarfi við KPMG.
- 9.4. Tölvuskeyti Styrktarfélags Krabbameinssjúkra barna, dags. 27. janúar 2020; styrkbeiðni. Lagt fram tölvuskeyti frá Styrktarfélagi Krabbameinssjúkra barna þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna útgáfu blaðsins „Börn með krabbamein“. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita félaginu styrk að upphæð kr. 10.000.
- 9.5. Tölvuskeyti Félags talmeinafræðinga á Íslandi, dags. 27. janúar 2020; styrkbeiðni. Lagt fram tölvuskeyti frá Félagi talmeinafræðinga á Íslandi þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna útgáfu tímaritsins „Talfraeðingurinn“. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita félaginu styrk að upphæð kr. 5.500.
- 9.6. Tölvuskeyti Ísleifs Jónassonar, dags. 12. desember 2019; dagskrárliður 8.5 á 22. fundi hreppsnefndar. Lagt fram tölvuskeyti Ísleifs Jónassonar þar sem óskað er eftir fjárframlagi vegna framkvæmda á reiðvegi frá Kálfholti að Hamrahól (Snösúmi). Erindið var lagt fram á 22. fundi hreppsnefndar en afgreiðslu var frestað. Sveitarstjóri leggur fram gögn um styrkveitingar til reiðvegagerðar frá fyrri árum. Í fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir fjárfestingu við reiðvegagerð kr. 2.000.000. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fara í fjárfestingu vegna þessa verkefnis með þeim hætti að kaupa 600 rúmmetra af efni af Fossvélum og flutning á verkstað, að undangenginni verðkönnun.

## 10. Bréf og erindi til kynningar:


- 10.1. Minnisblað SASS, dags. 28. janúar 2020; samandregin svör sveitarfélaga á Suðurlandi við spurningum átakshóps ríkisstjórnarinnar.
- 10.2. Tölvuskeyti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, dags. 27. janúar 2020; Lífshlaupið.

- 10.3. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. janúar 2020; boðun XXXV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 10.4. Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.
- 10.5. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. janúar 2020; viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka.
- 10.6. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 12. febrúar 2020; auglýsing eftir framboðum í stjórn LS.


**11. Næsti fundur hreppsnefndar.**

Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn mánudaginn 23. mars 2020 klukkan 8:30. Hreppsnefnd vill benda á að um er að ræða sérstakar aðstæður og því fundur fluttur á mánudag í þetta sinn.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.




Ásta B. Ólafsdóttir




Guðmundur Gíslason




Brynja J. Jónasdóttir



Elín Grétarsdóttir



Egill Sigurðsson



Valtýr Valtýsson